

ÚFLUTNINGUR A LAXI OG SILUNGI A ARINU 1987

Valdimar Gunnarsson

Hugrún Gunnarsdóttir

Veiðimálastofnun VMST-R/88020

## INNGANGUR.

Í þessari skýrslu er tekinn saman útflutningur á laxi, silungi, gönguseiðum og hrognum frá Íslandi fyrir árið 1987. Aður hefur slíkur útflutningur verið tekinn saman frá árinu 1980 til 1986 (Valdimar Gunnarsson 1987).

Allar upplýsingar sem birtar eru hér eru fengnar frá forsvarsmönnum fiskeldisstöðva og úr Verzlunarskýrslum Hagstofu Íslands.

## ÚFLUTNINGUR Á GÖNGUSEIÐUM.

Á árinu 1987 voru flutt út um 1.6 milljón gönguseiði og er þetta tæplega þrisvar sinnum það magn sem flutt var út á árinu 1986, en þá voru flutt út um 589 þúsund gönguseiði. Til Noregs voru flutt út um 1.06 milljón gönguseiða á síðasta ári, en 286 þúsund gönguseiði voru flutt út á árinu 1986. Á árinu 1987 voru flutt út 555 þúsund gönguseiði til Írlands sem er tæplega helmingi meira magn en flutt var út á árinu 1986, eða um 303 þúsund gönguseiði. Af 555 þúsund gönguseiðum sem flutt voru til Írlands á árinu 1987 voru 130 þúsund seiði yfir 100 gr. af þyngd.

Á árinu 1987 fluttu 11 seiðaeldisstöðvar út gönguseiði, en á árinu 1986 voru 6 seiðaeldisstöðvar með útflutning á gönguseiðum. Útflutningsverðmæti gönguseiða árið 1987 voru 137 milljónir króna (fob verð). Til Írlands var flutt út fyrir 55 milljónir króna og var meðalverð 100 kr/stk. Til Noregs var flutt út fyrir 82 milljónir króna og var meðalverð 77 kr/stk.

Tafla 1. Útflutningur á gönguseiðum frá Íslandi á árinu 1987.

	Noregur	Írland	Samtals
Íslandslax	100.000	150.000	250.000
Íslax	154.000		154.000
Fljótalax		205.000	205.000
Fiskeldi, Húsavík	105.000		105.000
Arlax	30.000	200.000	230.000
Klakstöðin	30.000		30.000
Laugalax	60.000		60.000
Silfurlax	330.000		330.000
Bakkalax	100.000		100.000
Smári	75.000		75.000
Íspór	80.000		80.000
Samtals	1.064.000	555.000	1.619.000

#### ÚTFLUTNINGUR Á LAXI.

A árinu 1987 voru flutt út um 308 tonn af ferskum laxi og um 37 tonn af frystum laxi, alls um 345 tonn. Þetta er átta sinnum meira magn en flutt var út á árinu 1986, en þá voru flutt út um 44 tonn. Mest var flutt út til Frakklands eða um 138 tonn af ferskum laxi og 9 tonn af frystum laxi. Ferskur lax var fluttur til 9 landa alls og frystur lax til 7 landa alls.

Tafla 2. Útflutningur á ferskum og frystum laxi á árinu 1987.

Land	Ferskur (kg)	Frystur (kg)
Danmörk		11.767
Austurríki	862	
Belgía	25	
Bretland	30.767	3.479
Frakkland	137.697	9.027
Holland	10.630	
Sovétríkin		2.568
Spánn	7.798	
V-Þýskaland	85	8.673
Bandaríkin	118.126	216
Japan	1.912	1.166
Samtals	307.902	36.896

UTLFUTNINGUR A SILUNGI.

Utflutningur á ferskum silungi á árinu 1987 var um 48 tonn. Einnig vorur flutt út um 9 tonn af frystum silungi til Belgiu. Þetta er veruleg aukning frá árinu áður en þá voru flutt út um 1.3 tonn af frystum og ferskum silungi. Mest var flutt út til Belgiu á árinu 1987 um 40 tonn af ferskum og frystum silungi. Nær allur silungur sem fluttur var út á síðasta ári var regnbogasilungur, lítills háttar var flutt út af bleikju.

Tafla 3. Utflutningur á ferskum og frystum silungi á árinu 1987.		
Land	Ferskur (kg)	Frystur (kg)
Danmörk	5.000	
Belgía	31.000	8.747
Bretland	103	
Frakkland	2.019	
Holland	5.876	
Bandaríkin	3.693	
Samtals	47.691	8.747

UTFLUTNINGUR A HROGNUM.

Utflutningur á laxahrognum á árinu 1987 var alls um 274 kg. Fimm fiskeldisstöðvar fluttu út hrogn á árinu (sbr. töflu 4). Mest var flutt út til Chile, eða alls um 170 kg.

Tafla 4. Utflutningur á laxahrognum á árinu 1987.		
Stöð	Magn	Land
Miklilax h/f	100 kg	Chile
Hólalax h/f	70 kg	Chile
ISNO h/f	14 kg	V-Þýskaland
ISNO h/f	25 kg	Frakkland
Laxeldisstöð ríkisins	45 kg	Frakkland
Vogalax h/f	20 kg	Frakkland
Samtals	274 kg	

UTFLUTNINGSVERÐMÆTI.

Útflutningsverðmæti eldisafurða á árinu 1987 voru um 243 milljónir króna. Þetta er mikil aukning frá árinu 1986 en þá voru útflutningsverðmæti um 75 milljónir króna. Mestu verðmætin voru í útflutningi á gönguseiðum, eða um 137 milljónir króna og í útflutningi á laxi, eða um 93 milljónir króna.

Tafla 5. Útflutningsverðmæti, magn og meðalverð lax og silungs.			
Afurð	Magn	Verðmæti	Meðalverð
Lax			
- Ferskur	307.902 kg	84.665 þús.kr	275 kr/kg
- Frystur	36.896 kg	8.847 þús.kr	240 kr/kg
Laxaseiði	1.619 þús.stk	137.201 þús.kr	85 kr/stk
Silungur			
- Ferskur	47.691 kg	6.804 þús.kr	143 kr/kg
- Frystur	8.747 kg	712 þús.kr	81 kr/kg
Hrogn	274 kg	4.620 þús.kr	16.700 kr/kg
Samtals		242.849 þús.kr	

HEIMILDIR.

Valdimar Gunnarsson, 1987. Útflutningur á laxi og silungi frá 1980 til 1986. Veiðimálastofnun VMST-R/87038: 6 bls.

Forsvarsmenn fiskeldisstöðva

Verslunarskýrslur Hagstofu Íslands.